

Vinnuskóli Hafnarfjarðar – kynning 2019

Markmið Vinnuskóla Hafnarfjarðar og sumarstarfsins er að tryggja börnum, unglingum og ungu fólki fjölbreytt sumarverkefni sem nær til allra 13 – 17 ára og ungs fólks 18 ára og eldri.

Meginþorri sumarstarfs Hafnarfjarðarbæjar er rekið af hendi Vinnuskólans og er starfsemin afar fjölbreytt. Vinnuskólinn er fyrir 14 -17 ára unglinga, gæsluvöllinn Róló, fjölskyldugarðar fyrir alla bæjarbúa, Tómskund fyrir 4.-7. bekk, sumarvinna fyrir ungmenni 18 ára og eldri sem vinna t.d. hjá íþróttafélögum, í slætti, viðhaldsverkefnum, garðyrkju og stofnunum bæjarins. Milli 600 og 700 unglingar 14-16 ára starfa ár hvert hjá skólanum og milli 200 og 300 17 ára og eldri.

Vinnuskóli Hafnarfjarðar er með starfandi starfsmenn á frá miðjum maí til miðs ágúst. Yfir vetrartímamann vinnur rekstrarstjóri ÍTH, íþróttá- og tómskundafulltrúi og garðyrkjustjóri að undirbúningi.

Vinnuskóli Hafnarfjarðar		
	Tímafjöldi 2019	Tímakaup 2019
14 ára fædd 2005	79	555 kr
15 ára fædd 2004	101	627 kr
16 ára fædd 2003	123	835 kr

Öll hafnirsk börn sem sækja um vinnu hjá Vinnuskólanum fá vinnu. Leitast er að finna einstaklingsbundin úrræði fyrir hvert barn sem er með sérþarfi. Því er komið til móts við börn með ofnæmi, fötlun og sjúkdóma. Börnin hafa veikindarétt upp á tvo daga.

Fræðsla

Helsta verkefnið sem unnið er tengist því að þrifa bæinn og halda honum hreinum yfir sumarið. Fjölmörg önnur verkefni eru unnin auk þess sem hluti hópsins vinnur hjá íþróttafélögum og félagasamtökum. Flokkstjórar fá 3-4 daga fræðslu áður en þeir taka við sínum hópum. Á námskeiði læra þeir helstu handtök vegna garðvinnu, skyndihjálpar, tilkynningarskyldu vegna barnaverndarmála, verkstjórn, slysavarnir og samskipti.

Unga fólkið sjálf hefur ekki fengið mikla beina fræðslu í gegnum Vinnuskólann utan þess að vinna við dagleg verkefni. Allir hópar hafa þó fengið jafningjafræðslu um mál sem eru efst á baugi í heimi unga fólksins hverju sinni eins og kynfræðslu, fordómafræðslu og hinsegin fræðslu. Í fyrra hófst tilraun til að kenna þeim að lesa á launaseðla sem haldið verður áfram nú í ár.

Upplýsingagjöf

Mikil áhersla hefur verið lögð á að upplýsingar til unglinga og foreldra þeirra um Vinnuskólans fari inn á hvert heimili um vorið. Þar eru reglur kynntar, umsóknarleið, vinnutími og laun. Yfir sumarið hefur verið nokkur virkni á Facebookarsíðu Vinnuskólans þar sem m.a. eru sýnd svæði sem hafa verið tekin í gegn, fyrir og eftir vinnu unglinganna.

Úrbætur og áherslubreytingar 2019

Unglingarnir hafa unnið léttu og örugga vinnu að mati stjórnenda. Yngstu þátttakendurnir eru í hópum að þrifa bæinn og þegar þau eldast hafa þau val um að sækja í ýmsa sérhópa. Sannarlega hafa orðið slys, þau eru ætíð tilkynnt réttum aðilum eins og Sjúkratryggingum Íslands og í fyrra var hópunum sem voru að þrifa bæinn lagðir til hanskar í öryggisskyni.

Ekki hefur farið fram áhættumat sem í dag er skylda að gera. Rekstrarstjóri hefur hafið undirbúning vinnu við að hefja áhættumat fyrir sumarið 2019.

Vinnuskólinn var með Grænskólafánann og vilji er að viðhalda því verkefni enda ber markmiðum þess verkefnis vel saman við markmið Vinnuskólans. Hér þarf að huga að því að búa til verkefni sem þroskast á milli ára og tengist verkefnum og meginfjölda krakkana á beinan hátt. Ungu fólkið er að hugsa um umhverfismál og eru að sinna umhverfishreinsum og því ætti að vera hægt að færa þetta verkefni á hærra plan.

Endurgjöf hefur verið til ákveðinna hópa sem starfa í Vinnuskólanum þar sem þeir fá í lok sumars umsögn. Til stendur að skoða leiðir til að auka við umsögn unglínganna og samræma hana þannig að sem flestir fái í hendurnar í lok starfstímans umsögn sem segir til um hvernig viðkomandi stóð sig yfir sumartímann.

26. mars 2019

Geir Bjarnason

Sunna Magnúsdóttir